



Mætt: Halldóra Halldórsdóttir, Fríða Egilsdóttir, Sigurbjörg Erlingsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Vinnuskóli

Flokksstjórar Vinnuskólans fara á vinnuverndarsnámskeið í tengslum við vinnu síma í sumar. Jafnframt fara þeir á námskeið í forvörnum á vegum Sjóvá. Þá verður unnið áhættumat af flokksstjórum. Rætt um að bjóða upp á námskeið vegna eineltis og um vinnusiðferði.

2. Áhættumat stofnana

Eftir á að gera áhættumat fyrir grunnskólann við Ásabraut og Vinnuskólann. Ferlið varðandi Vinnuskólann er komið í gang. Samþykkt að ræða við skólastjóra um að tilnefna nýjan aðila í Vinnuverndarnefnd til að sinna m.a. áhættumatinu fyrir Ásabraut.

3. Vinnuverndarmappa

Möppur eru klárar í Laut, Hópsskóla og Sambýli.

4. Rýmingaráætlun fyrir stofnanir bæjarins (átti að vera tilbúið um síðustu áramót).

Átti að vera tilbúna um síðustu áramót. Ákveðið að bjóða slökkviliðsstjóra á næsta fund nefndarinnar.

5. Önnur mál

Flóttaráætlunir í í grunnskólunum: Enn vantar teikningar með flóttaráætlunum inn í allar stofur í Hópsskóla og endurnýjun á Ásabraut. Húsvörður og slökkviliðsstjóri vísa hvor á annan þegar leitað er eftir svörum hvers vegna þær hafa ekki verið settar upp. Samþykkt að senda erindi til þeirra og skólstjóra og deildarstjóra vegna málsins. Mikilvægt er að bregðast við þessu fyrir haustið.

Bakvaktasími: Borist hafa kvartanir að ekki sé svarað í bakvaktasíma þjónustumiðstöðvar, sem á að gilda fyrir allar stofnanir bæjarins.

Þegar svarað er í bakvaktasímann er jafnframt æskilegt að forstöðumaður viðkomandi stofnunar fái upplýsingar um útkallið sem fyrst og hvers eðlis það er.

Samþykkt að senda erindi til forstöðumanns þjónustumiðstöðvar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15:15.